



Útivist fyrir alla í ævintýralegu umhverfi í bakgarði Reykjavíkur

Hér með óskar Icebike Adventures eftir styrk frá Reykjavíkurborg vegna verkefnisins SPORIÐ: Gönguskíðaspor á Hólmsheiði.

Gönguskíðasporið á Hólmsheiði hefur verið einkaframtak í sjálfböðavinnu í vetur en eftirspurn hefur verið vonum framar og okkur langar að sinna verkefninu enn betur í þágu borgarbúa. Þúsundir Reykvíkinga hafa nýtt sér Sporið og hafa lýst yfir ánægju sinni með staðsetningu og brautarlagningu.


Með styrk frá Reykjavíkurborg væri hægt að halda áfram að bjóða borgarbúum upp á þessa þjónustu sem greinilega er mikil þörf á.

Við óskum eftir styrk upp á 400 þúsund fyrir veturinn 2022 með ósk um áframhaldandi samstarf á næsta ári.

Með vinsemd og fyrirfram þökk F.h Icebike Adventures
Magne Kvam




"Vá hvílík lífsgæði að hafa Sporið á Hólmsheiði"




Virkilega vel gert, algjörlega geggjað að hafa aðgang að Hólmsheiði yfir veturinn á þennan hátt! Algjör forréttindi fyrir allt höfuðborgarsvæðið!! TAKK!



"Þvílík dásemd - yndislega náttúra og útivera. Meiriháttar gæði. Kærar þakkir"



"Takk kærlega fyrir þetta flotta framlag.. skemmtileg braut í frábæru umhverfi."



"Þetta er geggjað! 1000 þakkir"

Saga Sporsins í stuttu máli:

Verkefnið hófst veturinn 2018. Skíðasvæði voru lokuð en veðrið var fallett. Snjórinn í Heiðmörk var of djúpur og laus í sér til að hægt væri ganga eða hjóla stígana. Þá upphófst þróunarvinnan að Spörinu, til að fjölga tækifærum og aðferðum til að njóta útivistar að vetri í Reykjavík.

Magne Kvam, eigandi Icebike Adventures las sig til um gerð gönguskíða spora og fjölnota snjó stíga sem væru troðnir og unnir nóg til að hægt væri að nota til að hjóla, ganga, skokka og skíða. Fyrirmyn-
dir eru í Canada, Alaska, Noregi og víðar en íslenskar aðstæður hafa krafist sérþekkingar og sérstaks verklags.

Magne er frumkvöðull á ýmsum sviðum útivistar. Sérsvið hans eru náttúrulegir hjólastígar og brautir og hann nýtir þá þekkingu við hönnun og framkvæmd á Spörinu. Til troða sporið notar hann vélsleða sem dregur einn af 5 sérsmiðuðum troðurum sem hann hefur sjálfur hannað og smíðað og henta íslenskum aðstæðum vel.

Icebike Adventures með Magne í farabroddi hefur síðastliðina 4 vetur troðið bæði gönguskíða og fjölnotaspor í Heiðmörk og víðar og hefur síðastliðin ár haft augastað á Hólmsheiði sem góðu framtíðar gönguskíða og útivistarsvæði. Verkefnið er unnið með leyfi Skógræktar, Reykjavíkurborgar og hagaðila. Reykjavíkurborg styrkti verkefnið veturna 2019-2020 & 2020-2021.

Hólmsheiðin - kjörið svæði fyrir gönguskíðafólk.

Hólmsheiðin er nokkuð falinn fjársjóður sem borgarbúar mættu njóta betur. Ávinningur af því að beina umferð á svæði utan vatnsverndar er augljós. Aðgengi er mun auðveldara fyrir borgarbúa, t.d. með tengileið í Grafarholt, frá Hólmsheiðarvegi og í framtíðinni upp frá Rauðavatni.

Magne hefur skoðað svæðið ítarlega og gönguskíðasporið er afrakstur þeirrar vinnu.

"Sporið er það besta sem hefur "komið fyrir" Reykjavík í vetur"




"Bestu þakkir fyrir frábæra braut!
Var með landvættum í gær í tómri sælu."



5-8 km Skíðabraut



5-8, KM SKÍÐAGÖNGUSPOR Á HÓLMSHEIÐI




ATH! Snjómokstur á Hólmshéiðarvegi er ekki í forgangi og getur færi reynst minni bílum erfitt.

Fjölbreytt tæki og tól þarf að nota til að ná sem bestum árangri hverju sinni. Veður og vindar stýra því hversu oft á dag og í viku þarf að þjappa í sporið



"Takk fyrir frábært framtak. Átti yndislega 5 kílómetra skíðagöngu í sól og blíðu áðan á Hólmshéiði"




"Alveg frábært útivistarsvæði. Takk kærlega fyrir okkur."

Sporið á samfélagsmiðlum

Rúmlega 4 þúsund manns fylgja Sporinu á facebook.

Að meðaltali 150-350 manns "líkar við" færslur um aðstæður og veður og að meðaltali 50-100 lýsa yfir þakklæti eftir daginn á facebook síðu verkefnisins. Hér má sjá tölfræði. Allur vöxtur og upplýsingar eru "organic" - það hefur ekki aldrei verið keypt dreifing á færslum.



Posts ?

[See More](#)

44 posts published in the last 28 days.

MOST ENGAGING POSTS

	Er einhvern stemming fyrir... February 26	Reach 4.3K Engagements 1.6K
	Hólmsheiði föstudaginn 18... February 18	Reach 4.6K Engagements 1.4K
	Takk fyrir geggjaða mæti... February 23	Reach 3.3K Engagements 1.4K




Audience Insights

Age and Gender

People who like your Page are in these age and gender groups. These numbers are estimates.

2.4k (59%) **Women** 1.6k (40%) **Men**



Top Locations


People who like your Page are in these locations. These numbers are estimates.

Cities	Countries
Reykjavík, Iceland	2.1K
Kópavogur, Iceland	656
Hafnarfjörður, Iceland	372
Garðabær, Iceland	315
Mosfellsbær, Iceland	173

Hver er Sporið

Icebike Adventures var stofnað árið 2012 af Magne Kvam. Starfsemi Icebike er fjölbreytt og snýst um hjólræiðar um íslenska náttúru. Skipulag styttri og lengri fjallahjólaferða fyrir erlenda og innlenda ferðamenn, námskeið í hjólræiðum, reiðhjólaviðgerðir, hjólaleiga og stígagerð eru meðal þess sem fyrirtækið annast.

Eigendur Icebike Adventures eru Magne Kvam & Ásta Briem.



Magne Kvam er stofnandi og eigandi Icebike Adventures og frumkvöðull í fjallahjólræiðum á Íslandi. Magne hefur hannað stíga í samstarfi við Skógræktina, í Hengli með Orkuveitunni, í Skálafelli fyrir Skíðasvæðin og í Þórsmörk með Skógrækt Suðurlands. Magne starfaði sem hönnuður á auglýsingastofum í 20 ár áður en hann vatt kvæði sínu í kross og gerðist leiðsögumaður og hjólastíga-hönnuður.

Magne er einlægur áhugamaður um aðgengilega útivist árið um kring.

